

Tillögur til breytinga á samþykktum LS

1. Gerð er tillaga um breytingu á 5. gr. í stað

Komi til þess að félag ákveði að segja sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg og undirrituð af stjórnendum félagsins. Úrsögnin miðast við áramót með minnst 6 mánaða fyrirvara.

orðist greinin svo:

Komi til þess að félag **eða félagsmenn** ákveði að segja sig úr LS skal úrsögnin vera skrifleg. ~~og undirrituð af stjórnendum félagsins.~~ Úrsögnin miðast við áramót með minnst **6 3** mánaða fyrirvara.

2. Gerð er tillaga um breytingu á 7. gr. að lokamálsliður falli brott

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. nóvember eftir nánari ákvörðun stjórnar. Stjórn LS getur boðað aukafund þegar hún telur ástæðu til. Félögin geta krafist aukafundar en til þess þarf minnst 1/4 atkvæða innan sambandsins. ~~Fundinn ber að boða innan 7 daga eftir að krafa berst þess efnis.~~

3. Gerð er tillaga um að í tl. 3 í 13. gr. komi talan 15 í stað 16

Á aðalfundi skal tekið fyrir eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi og rekstur félagsins á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir síðasta reikningsár skal lagður fram til samþykktar, ásamt athugasemdum skoðunarmanna.
3. Kosning ~~16~~ **15** manna stjórnar að fengnum tillögum frá hverju svæðisfélagi.
4. Kosning formanns.
5. Kosning tveggja félagslegra skoðunarmanna.
6. Ákvörðun þóknunar til formanns og stjórnar fyrir störf þeirra á kjörtímabilinu.
7. Tillögur um lagabreytingar sem löglega eru bornar fram sbr. 10. gr.
8. Önnur mál.

4. Gerð er tillaga um að í 14. gr komi talan 16 í stað 17

15. gr.

Stjórn LS skal skipuð ~~17~~ **16** mönnum. Stjórnin skipti með sér verkum, að öðru leyti en getur um í 13. grein. Kjörtímabil stjórnar er á milli aðalfunda, það er um það bil eitt ár.

Fyrir hvern aðalfund LS skal endurskoða fulltrúafjölda svæðisfélaganna, sem tekur mið af fjölda báta sem greitt hefur verið félagsgjald fyrir næstliðið almanaksár. Þrátt fyrir framangreint skulu öll svæðisfélög LS hafa að lágmarki 1 fulltrúa á aðalfundi.

Axel Helgason formaður
Örn Pálsson framkvæmdastjóri